



Reykjavík 27.05.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 27. maí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Lenging starfstíma 10. bekkinga hjá Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2020

Formaður Umhverfis- og heilbrigðisráðs leggur fram svohljóðandi tillögu: starfstímabil nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sem lokið hafa 10. bekk verði lengt úr þrem vikum í fjórar sumarið 2020. Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfissráði fagna því að sambærileg tillaga og flokkurinn lagði til í borgarráði 16. apríl síðastliðinn sé lögð fyrir og afgreidd í umhverfissráði í dag. Þó má gagnrýna þessa tillögu sem gangur ekki nægilega langt, en 8. og 9. bekkur grunnskólanna er skilinn eftir. Ungmenni hafa farið í gegnum langt tímabil vegna Covid-19 með skertu skóla-, íþrótt-, og tómstundastarfi og því mikilvægt að koma á mótis við þau í sumar.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokksins tekur undir bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: Tillaga/greinargerð.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga um lengingu starfstíma 10. bekkinga hjá Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2020

Lagt er til að starfstímabil nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sem lokið hafa 10. bekk verði lengt úr þrem vikum í fjórar sumarið 2020.

Greinargerð með tillögu:

Vinnuskóli Reykjavíkur hefur undanfarin ár boðið nemendum í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla starf í 3 vikur yfir sumartímann. Nemendur í 8. bekk starfa 3,5 tíma á dag, frá 8:15-11:45 eða 12:15-15:45, en nemendur í 9. og 10 bekk 7 tíma á dag frá 8:30-15:30. Boðið er uppá þrjú starfstímabil, það fyrsta frá 9. - 30. júní, annað frá 1.-21. júlí og það þriðja 22. júlí - 12 ágúst. Algengt er í vinnuskólum að starfstími aukist með aldri og þroska og tekjuþörf eykst jafnframt þegar nemendur eru á leið í framhaldsskóla. Vegna áhrifa Covid-19 faraldursins eru atvinnumöguleikar 10. bekkinga minni nú en áður. Því er lagt til að starfstímabil 10. bekkinga sumarið 2020 verði 9. júní - 7. júlí, 8. júlí - 4. ágúst og 22. júlí - 18. ágúst.

Vinnuskóli Reykjavíkur hefur ávallt tekið við öllum nemendum sem sækja um starf. Vegna minni atvinnumöguleika í kjölfar Covid-19 má búast við þó nokkurri fjölgun nemenda líkt og var í kjölfar bankahrunsins 2008. Gert er ráð fyrir að nemendur í Vinnuskólanum verði um 2.900 sumarið 2020 samanborið við 2.300 árið 2019. Aukin kostnaður í launum nemenda vegna þessa er um 85 m.kr.

Með lengingu starfstíma 10. bekkinga þarf að gera ráð fyrir auknu starfsmannahaldi þar sem tvö síðari tímabilin skarast. Aðsókn í þau er hins vegar minni en fyrsta tímabilið. Einnig þarf að gera ráð fyrir aukinni aðstöðu fyrir nemendur skólans, húsnæði og verkfæri. Gera má ráð fyrir að launakostnaður nemenda hækki um u.þ.b. 30 m.kr. við lengingu starfstíma í 4 vikur og gera þarf ráð fyrir um 40 m.kr. í aukin launakostnað við fjölgun leiðbeinenda vegna skörunar á starfstímabilum í júlí og ágúst.

Því má gera ráð fyrir að aukin kostnaður Vinnuskóla, vegna fjölgunar nemenda og lengingar á starfstíma, verði um 155 m.kr. sumarið 2020.